

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóð til minningar um Magnús Magnússon, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. júní 1985. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð til minningar um Magnús Magnússon.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: „Sjóður til minningar um Magnús Magnússon.“

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af eftirlifandi konu hans, Sigríði Kristinsdóttur og afkomendum þeirra.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 45 000,00 sem ekki má skerða.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja skóla í Ólafsfirði til kaupa á kennslutækjum, -gögnum og öðru til lista- og menningarauka.

5. gr.

Rádstöfunarfé sjóðsins eru framlög og gjafir þeirra er efla vilja sjóðinn, svo og arður af stofnfé.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, skal einn tilnefndur af afkomendum þeirra hjóna og hann verði jafnframt formaður. Annar tilnefndur af bæjarstjórn Ólafsfjarðar og þriðji af fræðsluráði Ólafsfjarðar. Þessir aðilar tilnefni hver um sig einn varamann fyrir þann sem þeir tilnefna í aðalstjórn.

7. gr.

Stjórnin úthlutar rádstöfunarfé sjóðsins í samræmi við markmið hans.

8. gr.

Yfirlit yfir rádstöfun á fé sjóðsins og reikningar hans endurskoðaðir af endurskoðendum bæjar sjóðs Ólafsfjarðar skulu árlega birtir með bæjarreikningum.

9. gr.

Stjórnin sér um ávöxtun þess fjár og eigna er sjóðnum áskotnast. Reidufé sjóðsins skal geymt í Sparisjóði Ólafsfjarðar.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.